

## Yfirlit yfir styrki til atvinnumála kvenna

<b>Aukaúthlutun 2007</b>			
Alda Davíðsdóttir	450 Patreksfjörður	Sjóræningjahúsið - menningartengd ferðaþjónusta	500.000
Anne Manly Thomsen	781 Höfn í Hornafirði	Heimavinnslan Jöklaís	300.000
Ásta Hafberg S.	750 Fáskrúðsfjörður	Útivistá/skóþurrkunarofnar (Ísofnar)	200.000
Bergrún Jóhanna Borgfjörð	720 Borgarfjörður eystri	Álfheimar ferðaþjónusta Borgarfirði eystra	1.000.000
Dorothee Lubecki	801 Selfoss	Lífrænar rabarbara- og berjasultur	300.000
Elín Rósa Bjarnadóttir	545 Blönduós	Stofa Höllu og Eyvindar	1.000.000
Gauksmýri ehf.	531 Hvammstangi	Hrafnaþing - sýning um íslenska hrafninn	1.000.000
Guðríður Ragnarsdóttir	111 Reykjavík	Berjamór	300.000
Guðrún Egilsdóttir	601 Akureyri	Rjómaíserð og kaffihús	500.000
Hallfríður Finnborg Sigurðardóttir	510 Hólmavík	Töfrastiklingar	1.000.000
Helga Ingimarsdóttir	545 Skagaströnd	Úr hreiðri í sæng	300.000
Hildur Pálsdóttir	510 Hólmavík	Álfasulta og Heljarskinn	300.000
Hildur Stefánsdóttir	681 Þórshöfn	Landslagsarkitektastofan Larka	300.000
Hlédis Sveinsdóttir	365 Snæfellsbær	Eigið fé ehf.	500.000
Hrafnhildur Hafdís Sverrisdóttir	620 Dalvík	Kofinn skólagæsla - Fyrir káta krakka-	300.000
Kristín Scheving	701 Egilsstaðir	Hreindýraland, kvikmynda- og vídeólistahátíð	300.000
Kristín Sigvaldadóttir	601 Akureyri	Búningaleiga og saumastofa	1.500.000
Nanna Höskuldsdóttir	680 Þórshöfn	Þróun á framleiðslu og geymslu Kúffisk	790.000
Ólína Þorvarðardóttir	400 Ísafjörður	Sögusetur um Spánverjavígin	300.000
Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir	660 Mývatn	Sælkeraverslun í sveitinni	500.000
Regína Ólína Þórarinsdóttir	531 Hvammstangi	Rjúpnarækt ehf.	200.000
Sara María Björnsdóttir	233 Hafnir	Útfararstofa fyrir konur sem á að heita Hvítar rósir	300.000
Saumastofan Íris - Skagaströnd	545 Skagaströnd	Vöruþróun og markaðssetning Saumastofu	950.000
Sesselja Traustadóttir	105 Reykjavík	Skipulag og stofnun umferðagarðs	300.000
Sigrún Ingvarsdóttir	641 Húsavík	Útfararþjónusta Húsavíkur og nágrennis ehf.	550.000
SJ bókhaldsþjónusta	680 Þórshöfn	Bókhaldsþjónusta	300.000
Spákonuafur	545 Skagaströnd	Spákonuhof á Skagaströnd	1.500.000
Villimey slef	460 Tálknafjörður	Vöruþróun fyrir erlendan markað	500.000
<b>Samtals</b>			<b>15.790.000</b>

## Lýsing á viðskiptahugmyndunum

### Sjóræningjahúsið - menningartengd ferðapjónusta

Viðskiptahugmynd Öldu Davíðsdóttur gengur út á að koma á fót sjóræningjasetri á Patreksfirði. Á setrinu yrði sett upp sýning sem gerir skil sjóránnum við Íslandsstrendur. Sýningunni er ætlað að laða að ferðamenn og tengist minjagripasölu og kaffihúsi. Á sjóræningasetrinu verður lögð áhersla á afþreyingu fyrir börn.

### Heimavinnslan Jöklaís

Viðskiptahugmynd Önnu Manly Thomsen er að framleiða heimagerðan ís til að styðja við rekstur á ferðapjónustubýli í sveit.

### Útivista/skópurkkunarofnar (Ísofnar)

Viðskiptahugmynd Ástu Hafberg S. er að hefja framleiðslu, sölu og markaðssetningu á skópurkkunarofnum fyrir heimili sem hún hefur hannað nú þegar. Skópurkkunarofnarnir eru nettir og hentugir til að þurrka blautan skófatnað.

### Álfheimar ferðapjónusta Borgarfirði eystra

Viðskiptahugmynd Bergrúnar Jóhönnu Borgfjörð er að byggja frekar upp ferðapjónustu sína á Borgarfirði eystra í þeim tilgangi að fá fleiri ferðamenn til að staldra við í plássinu og njóta dvalar í sjávarsamfélagi.

### Lífrænar rabarbara- og berjasultur

Viðskiptahugmynd Dorothee Lubecki er að setja upp lífrænt vottaða sultugerð. Sérstaða sultugerðarinnar byggir á nýtingu á lífrænt vottaðri rabbabaraframleiðslu og vöruþróun fyrir ferðamanna- sælker- og gjafavörumarkað.

### Stofa Höllu og Eyvindar

Viðskiptahugmynd Elínar Rósu Bjarnadóttur er að setja upp gestastofu Fjalla Eyvindar og Höllu á Blönduósi. Í Eyvindarstofu sem verður í stíl Eyvindarhellis er fyrirhugað að segja sögu útilegumannsins og konu hans í þeim tilgangi að laða að ferðamenn og efla ferðapjónustu á svæðinu.

### Hrafnaþing - sýning um íslenska hrafninn

Viðskiptahugmynd Sigríðar Lárusdóttur sem rekur ferðapjónustuna Gauksmýri ehf. er að koma upp sýningu um íslenska hrafninn fyrir ferðamenn. Tilgangurinn er að auka afþreyingu á staðnum og styrkja þann rekstur sem fyrir er.

### Berjamór

Viðskiptahugmynd Guðríðar Ragnarsdóttur er að framleiða gæðaaufurðir úr krækiberjum. Framleiddar verða þurrkaðar, hráar og sykurlausar hollustuafurðir með langt geymsluþol sem verði í boði í heilsuþúðum.

### Rjómaísgerð og kaffihús

Guðrún Egilsdóttir sem rekur rjómaísgerð í Eyjafirði hefur í hyggju að efla starfsemina með því að bæta aðgengi ferðamann að ísgerðinni og styrkja þannig rekstur fyrirtækisins.

## **Töfrastiklingar**

Viðskiptahugmynd Hallfríðar Finnborgar Sigurðardóttur í Bjarnarfirði á Ströndum er að rækta upp og selja aspir fyrir vestfirskan markað.

## **Úr hreiðri í sæng**

Viðskiptahugmynd Helgu Ingimarsdóttur á Höfnum á Skaga er að fullvinna dún í æðardúnsængur fyrir innlandan og erlendan markað.

## **Álfasulta og Heljarskinn**

Viðskiptahugmynd Hildar Pálsdóttur á Hólum á Hólum er að framleiða lífrænt vottaða sultu úr íslenskum bláberjum til sölu í sérvörslunum og á Ströndum.

## **Landslagsarkitektastofan Larka**

Viðskiptahugmynd Hildar Stefánsdóttur gengur út á að koma á fót landslagsarkitektastofu á Þórshöfn. Starfsemin felst í ráðgjöf á sviði landslagshönnunar, skipulags- og landslagsgreiningar.

## **Eigið fé ehf.**

Viðskiptahugmynd Hléðísar Sveinsdóttur er að koma upp fyrirtæki sem sér um sölu á lifandi fé og heldur úti heimasíðu sem miðlar upplýsingum milli bænda sem annast féð og eigenda fjárins. Með þessari starfsemi gefst borgarbúum sem vilja vera í tengslum við sveitalíf tækifæri til að eignast sína kind í sveitinni sem þeir geta heimsótt að vild.

## **Kofinn skólagæsla - Fyrir káta krakka-**

Viðskiptahugmynd Hrafnhildar Hafðísar Sverrisdóttur er að reka einkarekna skólagæslu á Dalvík. Þar verður lögð áhersla á skapandi starf með börnum, vellíðan og aðstoð við heimanám. Sérstök áhersla er lögð á að umhverfi og aðstæður séu þannig að börn með sérþarfir geti nýtt sér þjónustuna.

## **Hreindýraland, kvikmynda- og vídeólistahátíð á Íslandi**

Viðskiptahugmynd Kristínar Scheving er að halda árvisst kvikmynda- og vídeóhátíð á Egilstöðum.

## **Búningaleiga og saumastofa**

Viðskiptahugmynd Kristínar Sigvaldadóttur snýst um að setja upp saumastofu og búningaleigu á Akureyri. Markmiðið er að bjóða útleigu og/eða saumaskap á búningum til almennings, leikhópa og leikhúsa.

## **Þróun á framleiðslu og geymslu Kúffisk fyrir veitingarstað**

Viðskiptahugmynd Nönnu Höskuldsdóttur á Þórshöfn er að þróa og framleiða rétti úr kúffiski til að bjóða til sölu á eigin veitingastað. Á Þórshöfn er eina kúffisk verksmiðja landsins og er markmiðið að búa til sérfræðipækkingu í meðferð og matreiðslu á kúffiski og skapa þannig sérstöðu fyrir svæðið og veitingastaðinn.

## **Sögusetur um Spánverjavígin**

Viðskiptahugmynd Ólínu Þorvarðardóttur á Ísafirði er að koma á fót sögusetri um Spánverjavígin. Tilgangurinn er að glæða ferðabjónustu og ýta undir frekari menningarsögulegar rannsóknir á svæðinu.

## **Sælkeraverslun í sveitinni**

Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir hefur í hyggju að efla Ferðapjónustu Vogafjós í Mývatnssveit með því að þróa vörur til að selja í sérstakri sælkeraverslun í sveitinni. Fyrirtækið er aðili að „Beint frá býli“.

## **Rjúpnarækt ehf.**

Viðskiptahugmynd Regínu Ólínu Þórarinsdóttur gengur út á það að rækta rjúpur fyrir jólamarkaðinn. Verkefnið er á frumstigi og verður unnið að því í byrjun að rannsaka möguleika á rjúpnarækt.

## **Útfararstofa fyrir konur - Hvítar rósir**

Viðskiptahugmynd Söru Maríu Björnsdóttur í Höfnum er að stofna og reka útfararpjónustu þar sem einungis konur koma að þjónustunni.

## **Vöruþróun og markaðssetning Saumastofu á Skagaströnd**

Hjá Saumastofunni Íris á Skagaströnd er fyrirhugað að auka starfsemi fyrirtækisins með því að endurhanna framleiðslulínu og fara í markaðsátak. Saumastofan hefur haft öruggan markað innan heilbrigðisgeirans og telur ónýtt tækifæri þar sem ætlunin er að sækja.

## **Skipulag og stofnun umferðagarðs**

Viðskiptahugmynd Sesselju Traustadóttur er að hanna og móta umferðagarð þar sem ungir vegfarendur fá tækifæri til að læra góða umferðameningu.

## **Útfararpjónusta Húsavíkur og nágrennis ehf.**

Viðskiptahugmynd Sigrúnar Ingvarsdóttur er að setja á stofn útfararstofu sem þjónustar Húsavík og nágrenni.

## **Bókhaldspjónusta**

Viðskiptahugmynd Jóhönnu Helgadóttur og Sólveigar Ólafsdóttur er að stofna og reka SJ bókhaldspjónusta á Þórshöfn til að skapa fleiri störf í byggðarlaginu, nýta sína þekkingu til sjálfstæðrar starfsemi og auka á fjölbreytni atvinnutækifæra.

## **Spákonuafur**

Viðskiptahugmynd Dagnýjar Marínar Sigmarsdóttur og samstarfskvemma er að stofna Spákonuhof á Skagaströnd. Áætlað er að þar verði boðið upp á ýmis konar spádóma fyrir ferðamenn ásamt rannsóknum á spádómum og sýningu um landnámskonuna Þórdísi spákonu.

## **Vöruþróun fyrir erlendan markað**

Villimey slf. í eigu Aðalbjargar Þorsteinsdóttur framleiðir smyrsl og salva úr plöntum sem eru tíndar á Vestfjörðum. Framleiðslan fer fram á Tálknafirði og hefur hún alþjóðlega lífræna vottun. Hugmyndin er að glæða rekstur fyrirtækisins með því að koma framleiðslunni á erlendan markað.